

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 890

Dagsetning: 18. júlí klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (sat fundinn undir liðum 1 til 8), Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, Jónas Guðmundsson, Sigríður Dóra Magnúsdóttir (sat fundinn undir öllum liðum öðrum en lið 3), Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigrún Þóra Sveinsdóttir, leiðtogi sálfræðipjónustu fullorðinna, sat fundinn undir lið 2.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar á næstunni.

2. Sálfræðipjónusta við fullorðna

Sigrún Þóra Sveinsdóttir, leiðtogi sálfræðipjónustu fullorðinna, kom á fundinn. Hún kynnti stöðuna á þjónustu sálfræðinga á heilsugæslustöðvum, undirbúning fyrir vinnudag sálfræðinga í haust þar sem þjónustan verður mótuð áfram og önnur verkefni framundan.

3. Samningur við Eupry

Samningur um eftirlit með kælliskápum HH er tilbúinn og tekur gildi þegar hann verður undirritaður.

4. Húsnæðismál

Upplýst var um að húsnæði við Vegmúla sem nokkur geðheilsuteymi munu flytja í hefur verið afhent. Ekki þarf að gera miklar breytingar og búist er við að hægt verði að flytja inn fyrir lok ágúst.

II. Efni til umræðu

5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

6. Afleysingar stjórnenda á stöðvum

Framhald af umræðu frá síðasta fundi um afleysingar stjórnenda á stöðvum.

7. Staðan á fjarþjónustu í sumar

Rætt um stöðu fjarþjónustu í sumar. Upplýst um fjölda símtala og netsamskipta í gegnum Heilsuveru eftir að 1700-herferðin fór í loftið. Einnig rætt um mönnun lækna til að styðja við Upplýsingamiðstöð HH.

8. Mönnun stöðva yfir sumarið

Umræða um mönnun stöðva yfir sumarið og hvernig mögulegt er að bregðast við þar sem ástandið er erfitt.

9. Sögusamningur

Rætt um viðræður um Sögusamning við Reykjavíkurborg. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að ljúka málinu sem fyrst.

10. Geðráð – tilnefning

Umræðu frestað til næsta fundar.

III. Efni til afgreiðslu

11. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 11. júlí 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

12. Þátttaka í ráðstefnu

Óskað hefur verið eftir 200 þúsund króna styrk vegna ráðstefnu um lyf án skaða.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóra sviðs fjármála og rekstrar falið að ljúka málinu.

Önnur mál

13. Málefni Heilsubrúar

Upplýst er að unnið sé að því að ganga frá samningi um húsaleigu fyrir Heilsubrú.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:15